



Rafrænir reikningar

Rafrænir reikningar til Landsvirkjunar – upplýsingar til birgja

Reikningar til Landsvirkjunar vegna keyptrar vöru eða þjónustu skulu vera með rafrænum hætti.

Hvað þurfa birgjar að gera?

Hvað er rafrænn reikningur?

Allir reikningar skulu vera á XML formi (sjá nánar hér að neðan) nema um annað sé samið. Reikninga á PDF formi er ekki hægt að afgreiða með sjálfvirkum og rafrænum hætti, m.a. þess vegna er þeim hafnað og óskað eftir þeim á XML formi.

Hvað þarf til?

Flestir framleiðendur hugbúnaðar hafa nú þegar byggt nauðsynlega virkni inn í sínar lausnir og veita viðskiptavinum sínum alla þá aðstoð sem þarf til að koma reikningum á rafrænt form.

Hvernig eru rafrænir reikningar sendir?

Útgefendur reikninga þurfa að senda þá gegnum skeytamiðlun til móttakanda. Það er gert með samningi við skeytamiðlun. Nokkur fyrirtæki bjóða upp á þjónustu við miðlun reikninga milli aðila og sjá um að koma þeim frá sendanda til móttakanda. Má þar nefna: [Advania](#), [InExchange](#) eða [Sendill](#).

Landsvirkjun er með tengingu við Advania og getur tekið við reikningum frá öllum birgjum sem eru hjá aðilum sem tengjast skeytamiðlun þeirra.

Litlir aðilar / lítil viðskipti / aðili án bókhaldskerfis

Nokkuð er um birgja sem stunda lítil viðskipti við Landsvirkjun og geta ekki réttlætt uppfærslur á kerfum til að senda rafræna reikninga úr sínum kerfum. Einnig er nokkuð um birgja sem eru ekki bókhaldsskyldir og hafa ekki bókhaldskerfi. Slíkir birgjar geta nýtt sér þjónustu banka, bókhaldsstofa eða sent reikninga með rafrænum hætti gegnum veflausnir skeytamiðlara: [Advania](#), [InExchange](#) eða [Sendill](#).

Formkröfur til reikninga – XML (tæknilegar kröfur)

Allir reikningar skulu byggja á XML tækni (nema um annað sé samið) og fylgja tækniforskrift frá Staðlaráði TS-136 fyrir rafrænan reikning og TS-137 fyrir kreditreikning.

[Forskriftirnar](#) má nálgast á vefsíðu Staðlaráðs, án kostnaðar.



Á heimasíðu Validex (<https://validex.net/>) má prófa og staðfesta að reikningur standist tækniforskrift.

Fjármála og efnahagsráðuneytið hefur gefið út [reglugerð](#) um rafræna reikninga. Hægt er að fá það [staðfest hvort reikningar séu rétt gerðir](#). Skoðuð er tæknileg uppbygging reiknings, en ekki lagt mat á viðskiptaupplýsingar.

Meðal þeirra krafna til reikninga sem gerðar eru í tækniforskrift má nefna:

- Í reikningslínunum skulu koma fram vörunúmer, lýsing vöru/þjónustu og einingarverð.
- Svokallaðar núll línur eru ekki heimilar

Viðskiptalegar kröfur til reikninga:

- Auk þeirra atriða sem lögbundin eru að komi fram á reikningi þarf einnig að koma fram:
 - Númer pöntunar (ef uppgefið af kaupanda)
 - Númer samnings (sem verð og önnur kjör eru byggð á)
 - Verknúmer (ef uppgefið af kaupanda)
 - Ef ekkert ofangreint er til staðar, þá þarf að koma fram nafn þess sem pantar og/eða deild
- Reikningur berist eigi síðar en 5. dag næsta mánaðar eftir að viðskipti fóru fram
- Veittur skal a.m.k. 30 daga gjaldfrestur frá útgáfu reiknings
- Eindagi skal vera sá sami og gjalddagi
- Reikningar skulu ekki sendir á pappír samhliða rafrænum reikningum

Aðrir reikningar

Ef birgi hefur ekki tæk á að senda reikninga rafrænt skv. reglugerð nr. 505/2013, um rafræna reikninga, vinsamlegast sendið þá frumrit með hefðbundnum pósti á Landsvirkjun, b.t. reikningshalds, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, sem uppfylla viðskiptalegar kröfur sem tilgreindar eru hér að framan.